

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnuegg Vallá, Kjalarnesi



Dags eftirlits	9.12.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnuegg	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Vallá	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630191-1579	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	H. Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram sjö frávík frá lögum, reglugerðum og kröfum í starfsleyfi. Einnig voru settar fram tvær ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Stjórnuegg að Vallá þann 9. desember 2024.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður fyrra eftirlits
- Yfirfara gögn með fundarboði
- Umfang starfseminnar
- Umhverfismarkmið
- Kynning á ákvæðum starfsleyfisins fyrir starfsmönnum
- Umhverfisstjórnunarkerfi
- Viðbragðsáætlun vegna mengun hafs og stranda
- Trygging vegna bráðamengunar
- Lofthreinsikerfi
- Samningar um dreifingu á húsdýraáburði
- Skráningar
- Mælingar og/eða mat
- Skýrslugjöf
- Grænt bókhald
- Losunarbókhald
- Vettvangsferð

1. Niðurstöður fyrra eftirlits

Í síðasta eftirliti var bent á að upplýsa skuli viðtakendur áburðar frá búinu að fylgja góðum búskaparháttum. Rekstraraðili hefur útbúið yfirlýsingu sem móttakendur skrifa undir sem kveður á um ákveðnar skyldur um dreifingu áburðarins hins vegar er ekki farið fram á að móttakendur fylgi góðum búskaparháttum. Að loknu eftirliti barst stofnuninni uppfærður samningur. Fráviki lokað.

Í síðasta eftirliti var einnig bent á að hægt væri að bæta árekstrarvarnir í kringum olíugeyminn. Þetta hefur verið gert en þar sem unnið er við að skipta um rafstöð ásamt því að verið er að leggja heitt og kalt vatn inn á lóðina hafa árekstrarvarnirnar verið færðar til. Þetta verður skoðað aftur í næsta eftirliti.

2. Yfirfara gögn með fundarboði.

Kynnt var fyrir rekstraraðila ný gjaldskrá stofnunarinnar og breytt boðun eftirlits.

3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfinu er hámarks leyfilegur fjöldi fugla á hverjum tíma 75.000 fuglar sem er í samræmi við kröfur í skipulaginu. Í eftirlitinu kom fram að fjöldi fugla á búinu er 77.000. Þar sem fjöldi fugla er 2.000 umfram heimildir er um frávík að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var umframfjöldi fugla aflífaður þann 11. desember og frávikinu því lokað.

4. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið sem er frávík. Rætt var alment um umhverfismarkmið. Eftir eftirlitið barst stofnuninni uppfærð umhverfismarkmið sem þó inniheldur hvorki mælanleg né tímasett markmið. Frávikinu er því ekki lokað.

5. Kynning á ákvæðum starfsleyfisins fyrir starfsmönnum

Rekstraraðili hefur ekki kynnt starfsleyfið fyrir starfsmönnum sem er frávik. Að loknu eftirliti barst stofnuninni upplýsingar um að starfsleyfið hafi verið þýtt á ensku og litháensku og dreift til lykilstarfsmanna. Fráviki lokað.

6. Umhverfisstjórnunarkerfi

Samkvæmt starfsleyfinu skal hefja vinnu við innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfi innan sex mánaða og skal henni vera lokið innan 2 ára. Vinnan er ekki hafin en rekstraraðila var bent á að mikilvægt sé að hefja hana sem fyrst. Rekstraraðili hefur nokkuð frjálssar hendur varðandi það hverskonar umhverfisstjórnunarkerfi notað verður, svo lengi sem það uppfylli kröfur í BAT 1.

7. Viðbragðsáætlun vegna mengun hafs og stranda

Rekstraraðili er með viðbragðsáætlun fyrir mengun frá áburði og olíu. Nauðsynlegt er þó að yfirfara viðbragðsáætlunina fyrir olíumengun og bæta inn viðbragðsaðilum og upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar. Að loknu eftirliti barst uppfærð viðbragðsáætlun. Fráviki lokað.

8. Trygging vegna bráðamengunar

Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 er til staðar.

9. Lofthreinsikerfi

Í starfsleyfinu kemur fram að eldihúsin skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við BAT 11c. En þar kemur fram hvaða kerfi er um að velja: vatnslás, þurrsía, votþvegill, votþvegill með sýru, lífþvegill eða tveggja eða þriggja þrepa lofthreinsunarkerfi. Ekkert lofthreinsunarkerfi er á eldihúsunum og því um frávik að ræða.

10. Samningar um dreifingu á húsdýraáburði

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila skrifa allir sem taka á móti áburði skrifa undir samning um dreifingu áburðar.

11. Skráningar

Farið var yfir kröfuna um skráningar sem settar eru fram í kafla 4.1 í starfsleyfinu.

12. Mælingar og/eða mat

Rekstraraðili hefur aldrei skilað útreikningum eða mati á losun á fosfór og nitri í úrgangsefni og ammóníaki í andrúmsloft samkvæmt kröfum í BAT sem er frávik. Farið var yfir kröfuna varðandi þessar mælingar sem fram koma í kafla 4.2 í starfsleyfinu.

13. Skýrslugjöf

Rekstraraðila var bent á að skila skuli ársskýrslu fyrir 1. maí á hverju ári. Skýrslan skal innihalda allar skráningar sbr. kafla 4.1 og mælingar og mat á losun frá rekstrinum sbr. kafla 4.2 í starfsleyfinu.

14. Grænt bókhald

Bókhaldinu fyrir árið 2023 var skilað of seint, eða þann 31. maí 2024 sem er frávik. Í eftirlitinu var rekstraraðila einnig bent á að upplýsingar um jarðhitavatn, olíunotkun, losun efna í viðtaka, svifrik og spilliefni vantaði í græna bókhaldið og skilin teljast því ófullnægjandi.

15. Losunarbókhald

Bókhaldinu fyrir árið 2023 var skilað of seint, eða þann 31. maí 2024 sem er frávik.

16. Vettvangsferð

Farið var í skoðunarferð um starfsstöðina. Bent var á að út í lækinn sem rennur á milli eldihúsanna liggur rör. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var regnvatni af þaki beint í gegnum þetta rör áður. Rörið fór hins vegar í sundur fyrir nokkru og því ekkert rennsli um það lengur.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 1.2 í starfsleyfi

Rekstraraðila er heimilt að reka eggjabú með stæði fyrir allt að 75.000 varp- og unghænur. Í eftirlitinu voru 77.000 fuglar á búinu eða 2.000 fuglum umfram heimild.

- gr. 2.1 í starfsleyfi Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Rekstraraðili hefur ekki sett sér mælanleg og tímasett umhverfismarkmið.
- gr. 2.1 í starfsleyfi Starfsmenn skulu fá kynningu á ákvæðum starfsleyfis. Engin kynning á starfsleyfinu hefur verið haldin fyrir starfsmenn.
- gr. 3.6 í starfsleyfi Eldishús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun ryks. Engin lofthreinsunarkerfi hafa verið sett upp.
- gr. 4.2 í starfsleyfi Árléga skal mæla og/eða meta losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði, rykmengun og losun ammóníaks við eldishúsin. Engar mælingar eða mat hafa farið fram.
- gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst 31. maí 2024.
- gr. 2 í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald. Upplýsingum um losun mengandi efna ber að skila fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald fyrir árið 2023 barst 31. maí 2024.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að hefja vinnu við umhverfisstjórnunarkerfi sem fyrst. Það þarf að liggja fyrir innan tveggja ára frá útgáfu starfsleyfisins.

Bent var á að við næstu skil á grænu bókhaldi skal tryggja að allar upplýsingar sem eiga að vera í bókhaldinu séu með.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2024


Kristín Kröyer